

Minnisblað

Dagsetning: 23. desember 2021
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Aðalsteinn Örn Snæpórsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021. Verkefni 12 – Önnur ferðamannasvæði á Norðausturlandi - Forkönnun

Gerð var forkönnun á nokkrum ferðamannastöðum á Tjörnesi, Melrakkaslétu, Pistilfirði og Langanesi til að skoða ástand og álag af völdum ferðamanna.

Framkvæmd 2021

Vettvangsvinna fór fram 24. júní, 8., 9. og 30. júlí og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæpórssyni, Bergþóru Kristjánsdóttur og Sigprúði Stelli Jóhannsdóttur. Farið var á níu staði; Skeiðsöxl og útsýnisstað á austanverðu Tjörnesi, Rauðanúp og Hraunhafnartanga á Melrakkaslétu, Rauðanes í Pistilfirði og Skoruvíkurbjarg, Skoruvík, Skála og Font á Langanesi. Skoðað var álag á gróður og menningarminjar í kringum gönguleiðir og útsýnisstaði og teknar ljósmyndir. Svæðið við Font var ljósmyndað með flygildi. Ferðir á Langanes voru samnýttar með öðrum verkefnum Náttúrustofunnar.

Úrvinnsla

- Frumgögn hafa verið sett inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- GPS skrár hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndir hafa verið settar inn í ljósmyndagrunn Náttúrufræðistofnunar.

Niðurstöður og umræður

Skeiðsöxl á austanverðu Tjörnesi. Á staðnum er mjög auðvelt að sjá lunda á bjargbrún en við þjóðveginn er útskot með litlu bílastæði. Staðurinn er ekki merktur sem fuglaskoðunarstaður en hefur spurst út og má oft sjá ferðamenn þar. Engin merkt gönguleið er frá bílastæðinu að bjargbrúninni og ganga ferðamenn víða fram á bjargbrún og hafa myndast þar álagssvæði. Einnig hefur myndast göngustígur í suður frá útskotinu, sjá 1. mynd. Lagt er til að tekin verði loftmynd af svæðinu með flygildi og það vaktað með myndvöktun, sjá 3. mynd. Svæðið er alveg við þjóðveg sem Náttúrustofan fer oft um til að sinna öðrum verkefnum, það er því auðvelt að stunda reglubundna vöktun á svæðinu.

Útsýnisstaður á austanverðu Tjörnesi. Þegar endurbættur vegur um Tjörnes var opnaður fyrir 17 árum gerði Vegagerðin nýjan útsýnis- og áningastað fyrir ofan Fjallahöfn. Þar er mikið stoppað enda afar gott útsýni yfir Öxarfjörð en einnig er nokkuð um að ferðamenn gisti þar í húsbílum. Nokkuð ber á því að ferðamenn gangi út fyrir áningastaðinn og útsýnispallinn og er talsvert álag á gróður í kringum svæðið. Einnig hefur myndast gönguleið í norður frá útsýnisstaðnum meðfram bjargbrún, þar er gróður að mestu horfinn úr stígnum og stöku álagssvæði hafa myndast á bjargbrún, sjá 2. mynd. Ekkert salerni er á svæðinu og má sjá ummerki um að gestir gangi örna sinna við bílastæðið. Lagt er til að tekin verði loftmynd af svæðinu með flygildi og það vaktað með myndvöktun, sjá 4. mynd. Svæðið er alveg við þjóðveg sem Náttúrustofan fer oft um til að sinna öðrum verkefnum, það er því auðvelt að stunda reglubundna vöktun á svæðinu.



1. mynd. Ferðamenn skoða lunda við Skeiðsöxl. Göngustígur í forgrunni.



2. mynd. Göngustígur og álagssvæði út frá honum hafa myndast norðan við útsýnisstað.



3. mynd. Áningastaður við Skeiðsöxl á austanverðu Tjörnesi. Loftmyndagrunnur er fenginn frá Norðurþingi.



4. mynd. Áninga- og útsýnisstaður fyrir ofan Fjallahöfn. Loftmyndagrunnur er fenginn frá Norðurþingi.

Rauðinúpur á Melrakkaslétu. Rauðinúpur er um 70 m há eldstöð frá ísöld. Í Rauðanúpi er stór gígskál en rauðar bergmyndanir einkenna núpinn. Á Rauðanúpi er að finna einu svartfuglabyggð Melrakkaslétu og jafnframt aðra af tveimur súlubyggðum á Norðurlandi en súlurnar verpa í Karlinum, öðrum af tveimur klettadröngum sem standa skammt frá landi. Til að komast á Rauðanúp er ekinn afleggjari að bænum Núpsköttu. Við veginn nálægt bænum er stórt og þétt kríuvarp og hafa landeigendur bæði sett upp skilti þar sem hraði er takmarkaður við 15 km/klst og umferð hunda og notkun dróna bönnuð. Einnig hefur varpsvæði verið lokað með böndum. Um 30 mín gangur er frá bænum og út að vita á Rauðanúp. Fyrst er gengið eftir malarkambi milli Kötluvatns og sjávar en eftir hann er gengið eftir akfærri leið norðvestur núpinn allt að vitanum. Þaðan er gott útsýni yfir klettadrangana. Helsta álagið er á gróður í og við gönguleið og er gróðurþekja víða farin úr leiðinni, sjá 5. mynd. Í kringum Vitann og þar sem gott útsýni er yfir klettadrangana er ekki mikið álag. Nokkurn tíma tekur að komast á Rauðanúp, bæði í akstri og göngu. Álag er ekki mikið á svæðinu en lagt er til að endurtaka ljósmyndatöku á nokkrum punktum árið 2024, sjá 6. mynd.



5. mynd. Á gönguleið á Rauðanúp.

Hraunhafnartangi á Melrakkaslétu. Nokkuð er um að ferðamenn gangi frá þjóðvegi á Melrakkaslétu að Hraunhafnartanga en þar er viti og gömul dys, Þorgeirsdys, sjá 7. mynd. Til að ganga þangað þarf að fara í gegnum friðlýst æðavarp en þar er umferð bönnuð fram til 15. júlí ár hvert. Til að komast að vitanum er að stórum hluta gengið eftir akfærri leið meðfram sjónum sem liggur til skiptis yfir gróið land og grýttan malarkamb. Þess utan er gengið eftir greinilegri gönguleið. Milli vitans og Þorgeirsdysar mótar vel fyrir gönguleið. Líkt og á Rauðanúp tekur nokkurn tíma að komast á svæðið. Álag er ekki mikið og er lagt til að endurtaka ljósmyndatöku á nokkrum punktum árið 2024, sjá 8. mynd.



6. mynd. Rauðinúpur. Vitinn og klettadrangarnir eru lengst til vinstri uppi. Loftmyndagrunnur er fenginn frá Norðurþingi.



7. mynd. Þorgeirdys og vitinn á Hraunhafnartanga.



8. mynd. Hraunhafnartangi. Loftmyndagrunnur er fenginn frá Norðurþingi.

Rauðanes í Þistilfirði nýtur vaxandi vinsælda sem áfangastaður ferðamanna. Þar má sjá fjölbreyttar jarðmyndanir eins og stuðluð hraunlög, bólstraberg og setlög sem sjórinn hefur leikið um eftir að nesið lyftist úr sjó eftir síðasta jökulskeið¹. Sjá má hella, bása, standberg, stapa og gatkletta af merktri gönguleið sem liggur um nesið (9. mynd). Á nesinu er einnig nokkuð fuglalíf, þ.m.t. lundabyggðir sem sjást mjög vel af gönguleiðinni.

Gönguleiðin er um 7 km hringleið og hefst við merkt bílastæði þar sem einnig er upplýsingaskilti. Á skiltinu er að finna upplýsingar um svæðið en einnig er þar kort sem sýnir staðsetningu örnefna sem eru merkt á leiðinni. Gönguleiðin er stikuð en sumstaðar voru stikur fallnar og leiðin ruglingsleg. Á sunnanverðu nesinu liggur gönguleiðin að hluta til í gömlum slóða en þar eru stikur oft misvísandi og því gengið sitt á hvað. Stundum í gömlum slóða en stundum á stíg nær bjargbrún og eru því oft tveir stígar og óljóst hvorn á að ganga (10. mynd). Ferðamenn ganga einnig víða fram á bjargbrún til að sjá yfir fallega ströndina og eru þar víða álagssvæði með rofinni gróðurþekju. Jarðvegur er rofgjarn og mólendisgróður ríkjandi á suðurhluta nessins. Rofið stafar bæði af álagi ferðamanna og vindrofi frá hafáttum. Gönguleiðin er talsvert gengin út á enda nessins en þar er einn fallegasti gatkletturinn. Gönguleiðin að norðanverðu er betri en að sunnan og mun minna um rofsvæði. Að norðan er mikið graslendi með blómgróðri (geldingahnappi og blóðbergi) og ástand gróðurþekju miklu betra. Þar er gönguleiðin víða einbreið og lítið um hliðarstíga (11. mynd). Í lok hringleiðar verður gönguleiðin ruglingsleg en þá er að hluta gengið í gömlum slóða. Viðhaldi er verulega ábótavant á gönguleiðinni, stikur hafa fallið, númer sjást ekki á merkingum og tröppur á leiðinni eru orðnar varasamar vegna rofs. Af þeim svæðum sem gerð var forkönnun á í sumar er mesta álagið á Rauðanesi. Lagt er til að svæðið verði vaktað með myndvöktun (12. mynd).



9. mynd. Yst á Rauðanesi er þessi fallegi gatklettur.

¹ <https://www.langanesbyggd.is/upplýsingar/raudanes>



10. mynd. Á sunnanverðu Rauðanesi eru víða tvöfaldir göngustígar.



11. mynd. Á norðanverðu Rauðanesi er graslendi með geldingahnappi víða ríkjandi. Lundabyggð er á klettastapanum sem sést í baksýn.



12. mynd. Rauðanes í Pístilfirði. Loftmyndagrunnur er fenginn frá ESRI 2021.



Skoruvíkurbjarg er utarlega á Langanesi (13. mynd) norðan til. Í bjarginu er mikið svartfuglavarþ og gott að komast þar nálægt fuglunum. Í Stórákarli, stökum klettadrangi skammt frá landi, er talsvert súluvarþ. Náttúrustofan hefur talið sjófugla á föstum sniðum í Skoruvíkurbjargi frá árinu 2006. Skoruvíkurbjarg er vinsæll áfangastaður ferðamanna sem fara um Langanes en þar hefur verið komið fyrir útsýnispalli sem nær út fyrir bjargbrúnina (14. mynd). Skammt frá útsýnisstaðnum er bílastæði fyrir ferðamenn og ruslatunna. Merkingar eru orðnar sjúskaðar og ruslatunnan var full og rusl hafði dreifst um svæðið (15. mynd). Lítið álag er á gróðri í kringum bílastæði og gönguleið að útsýnispalli. Gróður einkennist af graslendi með kattartungu, geldingahnappi og stinnastör.

Skoruvík er gamalt eyðibýli utarlega á Langanesi norðan til, sjá 16. mynd. Slóði liggur inn á rústasvæðið og er greinilegt að þar er farið um. Gróður einkennist af graslendi með störum og lyngi. Lítið álag er af völdum ferðamanna á svæðinu í kringum rústirnar. Þar en hinsvegar talsverð sauðfjárbætur og ummerki voru eftir hross.

Skálar er eyðibýli utarlega á Langanesi sem var blómlegt fiskimannasamfélag um tíma á fyrri hluta tuttugustu aldar. Skálar fóru endanlega í eyði árið 1954 en þar má sjá rústir húsa, gamla bryggju og ýmsar aðrar minjar og eru margar af húsarústunum merktar. Á svæðinu er einnig lítið bílastæði, upplýsingaskilti og salerni fyrir ferðamenn. Bílastæðið er illa afmarkað og aðeins traðk út frá því, sjá 17. mynd. Illa er gengið um salerni og mátti sjá salernispappír á víð og dreif um svæðið. Að öðru leyti er lítið álag á svæðinu. Þar er hinsvegar talsverð sauðfjárbætur enda ríkulegt graslendi á svæðinu.

Fontur er austasti hluti Langaness sem endar þar í mjóum bjargtanga. Þar er viti en í bjarginu er talsvert sjófuglavarþ og hefur Náttúrustofan veitt þar svartfugla til að merkja og festa á dægurríta. Svæðið var ljósmyndað með flygildi en aðstæður voru ekki nógu góðar vegna þoku. Stutt frá vitanum er bílastæði, það er hinsvegar ekki mikið notað og var greinilegt álag á gróður fyrir framan vitann þar sem bílum er lagt og snúið (18. mynd). Gróður einkennist af graslendi með kattartungu, geldingahnappi og lambgrasi. Sunnan við vitann er rofabarð sem er áveðurs í austan áttum.


Náttúrustofan kemur reglulega á Langanes vegna fuglarannsóknna. Lagt er til álag af völdum ferðamanna á svæðinu verði vaktað reglulega með myndvöktun.

Framhald vöktunar

Lagt er til að myndataka með flygildi á Fonti verði endurtekin eftir þrjú ár og teknar myndir með flygildi á stöðunum tveimur á austanverðu Tjörnesi. Einnig er lagt til að nokkrir myndvöktunarpunktar verði vaktaðir á þessum stöðum, árlega þar sem álag er meira en sjaldnar á öðrum. Gott er að nýta aðrar vinnuferðir náttúrustofunnar á einstök svæði, sjá 1. töflu.

1.tafla. Vöktunarþættir á nokkrum ferðamannastöðum á Norðausturlandi.

Vöktunarþáttur	2022	2023	2024
Myndataka með flygildi á Fonti			x
Myndataka með flygildi við Skeiðsöxl og útsýnisstað á Tjörnesi	x		x
Myndvöktunarpunktar við Skeiðsöxl og útsýnisstað á Tjörnesi	x	x	x
Myndvöktunarpunktar á Rauðanúp			x
Myndvöktunarpunktar á Hraunhafnartanga			x
Myndvöktunarpunktar á Rauðanesi	x	x	x
Myndvöktunarpunktar á Langanesi; Skoruvík, Skoruvíkurbjarg, Skálar og Fontur			x



13. mynd. Helstu ferðamannastaðir austast á Langanesi. Loftmyndagrunnur er fenginn frá ESRI 2021.



14. mynd. Útsýnispallur á Skoruvíkurbjargi.



15. mynd. Upplýsingaskilti og ruslatunna við Skoruvíkurbjarg.



16. mynd. Skoruvík.



17. mynd. Við Skála á Langanesi.



18. mynd. Við vitann á Fonti.